

Reykjavík, 3. september 2018

SFS2018080035

143. fundur

HG/sp

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit aðgerða sem ætlað er að tryggja næga mönnun í frístundaheimilum borgarinnar haustið 2018

Markaðsáttak

1. Auglýsingar

Vorið 2017 var auglýsingastofa var fengin til þess að hanna nýtt útlit og nýja nálgun í atvinnuauglýsingum skóla- og frístundasviðs. Það var mikið kappsmál að hafa hönnun og hugmynd sem myndi ná utan um öll þau fjölbreyttu störf sem eru á sviðinu. Niðurstaðan var að á auglýsingunum eru myndir af börnum þar sem fram kemur hvað þau ætli sér að verða í framtíðinni og síðan kemur setningin „Langar þig að vinna með framtíð landsins?“ Markmiðið er að vekja athygli á störfum skóla- og frístundasviðs en einnig að þessar auglýsingar virki sem hvatning fyrir fleiri að fara í nám á þessu sviði og/eða að gera uppeldis- og kennslustörf að framtíðarstarfi. Um var að ræða bæði prentauglýsingar og leiknar auglýsingar. Þá var birtingaráðgjafi fenginn til þess að gera áætlun um hvar og hvenær birta ætti auglýsingar út frá þeim markhópum sem sviðið vill ná til. Þessar auglýsingar birtust sem prentauglýsingar í Fréttablaðinu, Morgunblaðinu, Stundinni og öllum hverfablöðum. Þá voru plaköt hengd upp í öllum framhaldsskólum, háskólum, sundlaugum, líkamsræktarstöðvum, kaffihúsum, verslunarkörnum og þar sem leyfi fékkst til að hengja þær upp. Auglýsingar birtust á tengslatorg HÍ og sendar voru auglýsingar til um 130 stúdentafélaga, bæði háskóla og framhaldsskóla. Þá voru vefborðar á visir.is, mbl.is, stundin.is. Einnig auglýsingar á RÚV, Stöð 2, Sjónvarpi Símans Premium og kvikmyndahúsum. Að lokum voru netmiðlar nýttir og voru birtingar á Facebook, Instagram, googleAdWords, google/youtube pre roll. Auglýst var jafnt og þétt allan sl. vetur. Í sumari hafa ofangreindar aðferðir við að vekja athygli á störfum frístundaheimila verði endurteknar.

2. Kynningarmyndbönd

Í upphafi árs 2018 var farið að vinna að því að gera myndbönd og auglýsingar þar sem starfsfólkið er í fókus og markmiðið er að draga fram hversu áhugavert starfsumhverfið er og þau hlunnindi sem fylgja starfinu. Nú þegar hafa ýmis myndbönd verið unnin og hafa verið í birtingu. Mikill þungi verður lagður í birtingar núna í ágúst og september þar sem birtingar hafa verið og verða í blöðum, netmiðlum, kvikmyndahúsum, veggspjöldum og fl.

3. Samfélagsmiðlar

Stjórnendur hafa verið hvattir til þess að nýta Facebook síður starfsstaða sinna, heimasíður og foreldrahópin til þess að ná til umsækjenda. Allir stjórnendur frístundamiðstöðva hafa nýtt sér þessa miðla með góðum árangri og jafnvel látið útbúa sérstakt efni til birtingar sem hefur gefist mjög vel.

4. Alfreð atvinnuleitarmiðill

Alfreð er öflugur atvinnuleitarmiðill og hafa stjórnendur frístundamiðstöðva verið hvattir til þess að nýta hann. Auðvelt er að tengja auglýsingar úr því kerfi sem Reykjavíkurborg notar við Alfreð og á þann máta ná auglýsingar til breiðari hóps en áður. Greitt hefur verið miðlægt fyrir allar auglýsingar á Alfreð sem virkaði sem enn meiri hvatning fyrir stjórnendur að nýta þann miðil.

5. Samstarf við Félag eldri borgara

Í upphafi árs 2018 var fundað með Félagi eldri borgara eftir að félagið sendi frá sér ályktun þar sem skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar var hvatt til þess að skoða hvort ekki væri hægt að fá fólk á eftirlaunum til hlutastarfa á leikskólum og frístundaheimilum borgarinnar. Félag eldri borgara var reiðubúið að senda sínum félagsmönnum póst þar sem störfín á skóla- og frístundasviði eru auglýst. Í þeim pósti kom einnig fram að frístundaheimili og leikskólar Reykjavíkur hafa mjög góða reynslu af því að hafa eldri borgara í vinnu og hefur mikil ánægja verið með það meðal barna og foreldra og annars starfsfólks. Það er því mjög eftirsóknaveint að fá fleiri eldri borgara til starfa og nýta dýrmæta þekkingu og krafta í þágu barnanna í borginni. Þá var einnig bent á að störfín eru fjölbreytt og getur starfsfólk oft á tíðum nýtt áhugamál sín í vinnunni, hvort sem það er að fara út í fótbolta með börnunum, syngja með þeim, tefla við þau, lesa fyrir þau eða eitthvað annað. Það verkefni heldur áfram veturinn 2018.

6. Störf á skóla- og frístundasviði kynnt á Framadögum

Á Framadögum gefst fyrirtækjum og stofnunum kostur á að kynna starfsemi sína og þau störf sem bjóðast fyrir ungu fólki sem er að skoða framtíðarmöguleika sína. Skóla- og frístundasvið tók þátt í þessum kynningardegi og var það kröftugur hópur sem tók að sér að kynna störfín og starfsemina. Framadagar voru haldnir í febrúar 2018.

7. Störf á skóla- og frístundasviði kynnt fyrir nemum HÍ

Sviðið stóð fyrir kynningu á störfum á skóla- og frístundasviði fyrir nemendur á menntavísindasviði HÍ veturinn 2017 og verður framhald af þeirri kynningu veturinn 2018.

8. Viðurkenningar fyrir meistaraverkefni

Veturinn 2017 var samþykkt að skóla- og frístundaráð myndi veita verðlaun fyrir meistaraverkefni sem hefðu hagnýtt gildi fyrir skóla- og frístundastarf í Reykjavík. Eitt af markmiðum þessa verkefnis er að vekja athygli á störfum áfrístundaheimilum borgarinnar.

Nýtt á döfinni í haustið 2018:

Margvíslegar aðgerðir eru á döfinni til að stuðla að farsælli mönnun í frístundaheimilum haustið 2018.

9. Fylgst með stöðu ráðninga

Grannt hefur verið fylgst með stöðu ráðninga í frístundaheimilum allan sl. vetur og nú í ágúst og verður svo áfram. Það er gert með því að senda könnun á stjórnendur þar sem þeir gefa upp stöðuna. Þessar upplýsingar eru m.a. nýttar til þess að stýra birtingu auglýsinga, annarra aðgerða er miða að mönnunarmálum og styðja stjórnendur varðandi ráðningamál

10. Nýtt ráðningarkerfi

Það ráðningarkerfi sem Reykjavíkurborg notast við í dag hefur þótt þungt í notkun bæði fyrir umsækjendur og stjórnendur. Því er fyrirhugað að fara í tilraunaverkefni þar sem annað ráðningarkerfi verður prófað sem er einfaldara og nútímalegra. Frístundaheimilin verða fyrstu starfsstaðir Reykjavíkurborgar til að fara í tilraunina núna í haust og er stefnt að því að allir starfsstaðir verði farnir að nota kerfið um áramótin.

11. Miðlæg afleysingastofa

Farið verður í tilraunaverkefni núna í haust með stofnun afleysingastofu sem miðlar einstaklingum í afleysingastörf hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið með stofnun afleysingastofu er að stuðla að meiri fjölbreytileika í ráðningum til borgarinnar og fara nýjar leiðir í mönnun á starfsstöðum Reykjavíkurborgar. Fyrir starfsstaði Reykjavíkurborgar er tækifæri til að ráða í afleysingu í tímabundin störf til að bregðast við ófyrirséðum og fyrirséðum forföllum og mun þetta fyrirkomulag búa til meiri sveigjanleika fyrir þá einstaklinga sem vilja tímabundin breytileg störf og vilja eða þurfa mikinn sveigjanleika í starfi. Þetta gefur einnig einstaklingum tækifæri til að kynnast störfum Reykjavíkurborgar án þess að skuldbinda sig til lengri tíma. Í fyrsta hluta verkefnisins verður eingöngu horft til starfa í leikskólum Reykjavíkurborgar en þessi aðferðafræði mun henta einnig mjög vel fyrir starfsemi frístundaheimila

STARFSUMHVERFI

Ýmsar aðgerðir hafa verið samþykktar á liðnum mánuðum til að bæta starfsumhverfi í frístundaheimilum. Bætt starfsumhverfi á að stuðla að traustari mönnun frístundaheimila. Hér fyrir neðan eru taldar upp nokkrar af þeim tillögum sem starfshópur um bætt fagumhverfi í frístundastarfi og voru samþykktar sl. vor.

12. Fjölgun fagmenntaðra starfsmanna í fullt starf í frístundaheimilum í samstarfi við grunnskóla. Samþykkt var að fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í 100% heilsárstörf í frístundaheimilum þ.e. starfmenn, starfsmenn sem ynnu hluta af sínu starfi í verkefnum innan skólasamfélagsins í margs konar félagsfærniverkefnum. Lágt starfshlutfall og stuttur starfstími á ársgrundvelli ýtir undir brottfhvarf úr starfi.

13. Auka undirbúningstíma starfsfólks. Samþykkt var að undirbúningstími starfsfólks frístundaheimila verði aftur breytt í fyrra horf frá hagræðingu sem gerð var eftir hrún. Undirbúningstími almennra starfsmanna verði því aftur 30 mínútur á dag í stað 20 mínútna. Undirbúningstíminn er mikilvægur þáttur í allri starfseminni og aukning hans leiðir til þess að fagstarfið verður betra, ýtir undir meiri virðingu fyrir starfinu og stuðlar að auknu starfshlutfalli (sem leiðir til meiri stöðugleika í starfsmannahópnum). Flestir starfsmenn frístundaheimila eru ungir námsmenn sem þurfa leiðsögn og stýringu í upphafi dags og undirbúa þarf vinnustöðvar dagsins þar sem starfsemin er dreifð þ.e. fer fram á mörgum stöðum.

14. Liðsheildarvinna. Samþykkt var að frístundamiðstöðvar fengju sérstakt fjármagn til að efla starfsandann og byggja undir jákvætt starfsumhverfi. Í rýnihópum og viðhorfskönnun starfmanna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum á vorönn kom fram að þrátt fyrir mikið álag og manneklu hafa þeir almennt ánægju af starfinu og að starfsandinn er góður. Mikilvægt er að byggja enn frekar á styrkleikum starfseminnar með því að viðhalda þessari jákvæðni og efla vellíðan á meðal frístundarstarfsmanna.

15. Móttaka nýliða. Mikil starfsmannavelta er í frístundastarfinu, brottfall starfsmanna í frístundastarfinu um 45% á milli árána 2016 og 2017. Verðmætið sem í mannauðnum felst hefur jákvæð áhrif á starfsemina og því lengur sem starfsmaður helst í starfinu, því öflugri verður starfsemin og fagstarfið. Jákvæð reynsla af vinnustaðnum, samskiptum, stjórnun og skipulagi geta dregið úr þeirri starfsmannaveltu sem er landlæg í frístundaheimilunum. Samþykkt var að styðja betur við námskeið og þjálfun nýrra starfsmanna.

16. Rannsóknir og þróunarverkefni. Einn af lykilþáttum í fagþróun er menntun starfsmanna. Þar með fjölga fagfólki, rannsóknnum fjölga og starfið verður faglegra. Það er mikilvægt að halda í og ná í fleira starfsfólk sem leggur stund á tómstunda- og félagsmálafræði. Kortleggja þarf betur hvers konar rannsókna er þörf á fagsviðinu og er lagt til að SFS og Rannsóknarstofa í tómstunda- og félagsmálafræðum (RannTóm) vinni saman að því verkefni. Samþykkt var að SFS geri samning við RannTóm í HÍ um að rannsaka hvaða áhrif þátttaka í frístundastarfi, s.s. félagsmiðstöðvum og frístundaheimilum, getur haft á þroska og velferð barna og ungmenna

17. Kynningarátak um störf í frístundamiðstöðvum. Samþykkt var að setja af stað kynningarátak bæði innan SFS, fyrir önnur svið borgarinnar og samfélagið, til að kynna þá faglegu starfsemi og forvarnarstarf sem fer fram á frístundamiðstöðvum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum. Kynning og ímyndarvinna varðandi starfsemi frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva er lykilþáttur varðandi bætt starfsumhverfi og eflingu fagstarfs. Markmið kynningarátaksins er meðal annars að auka virðingu fyrir starfinu og leiðrétta það viðhorf að um „geymslustað“ sé að ræða. Einnig verður horft til samstarfs við menntastofnanir varðandi vísindaferðir, starfsnám, starfskynningar og valfög fyrir nemendur úr efstu bekkjum grunnskólans og upp í háskóla. Lagt verður upp með að kynna nám og starfsvettvang þannig að frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði sýnilegri og ákjósanleganlegur kostur við val á námi og framtíðarstarfi.

18. Húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Samþykkt var að settur verði af stað starfshópur (USK, SEA og SFS) sem kortleggur húsnæðismál frístundamiðstöðva, frístundaheimila og félagsmiðstöðva með tilliti til þess að tryggja starfsmönnum viðunandi aðstöðu til uppbyggjandi starfa með börnum og unglingum. Vinna á úrbótaáætlun, forgangsraða verkefnum og tryggja fjármagn í endurbætur og nýframkvæmdir.

19. Heilsársrekin frístundaheimili. Öll frístundaheimilin voru opin sumarið 2018, 9 milljónir eru í fjárhagsramma frístundamiðstöðva vegna ársins 2018. Gert er ráð fyrir 60%

þátttöku barna í 1.-4. bekk sem eru á frístundaheimilum sumarið 2018. Þetta eykur möguleika á að geta boðið fleiri starfsmönnum heilsársstörf og 100% störf yfir sumartímann og þar með tryggja meira starfsöryggi fyrir starfsmenn sem starfa í frístundaheimilum.

20. Markvissara samstarf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við grunnskóla. Samþykkt var tillaga um að auka samstarf frístundar og grunnskóla með heildarhagsmunum barna og unglinga að leiðarljósi. Starfshópur er að fara af stað sem skipaður verður fulltrúum fagskrifstofu, grunnskóla og frístundamiðstöðva til vinna að framgangi þessa.

21. Fjölga starfsdögum um einn dag. Samþykkt var að fjölga skilgreindum starfsdögum frístundaheimila um einn dag til þess að efla faglegt samtal og samráð starfsmanna. Í dag hafa frístundaheimilin aðeins tvo valkvæða skipulagsdaga, þ.e. einn á hvorri önn.

22. Starfsumhverfi stjórnenda í frístundastarfi. Nú í haust fer af stað starfshópur sem hefur það markmið að leggja fram tillögur að bættu starfsumhverfi stjórnenda í frístundamiðstöðvum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum.

Hlunnindi starfsmanna Reykjavíkurborgar

23. Heilsuræktarstyrkir

Starfsmaður sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum og hefur starfað í a.m.k. sex mánuði og tímakaupsmaður sem hefur starfað a.m.k. í sex mánuði getur sótt um heilsuræktarstyrk hjá því sviði/stofnun sem hann starfar hjá. Hámarksstyrkfjárhæð er nú kr. 16.000 fyrir starfsmenn í fullu starfi. Styrkfjárhæð tekur mið af starfshlutfalli starfsmanns og þeim kostnaði sem hann hefur orðið fyrir. Gert er ráð fyrir að lágmarksstyrkfjárhæð til starfsmanna í hlutastarfi og tímakaupsmanna verði að öðru jöfnu kr. 5.000 enda hafi ekki komið framlag frá öðrum aðila vegna kostnaðarins.

24. S-kort

S-kort veitir starfsmanni aðgang að sundstöðum borgarinnar. Gildir fyrir starfsmann sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hefur starfað a.m.k. í einn mánuð og tímakaupsmanntil a.m.k. í sex mánuði. Verðmæti árskorts árið 2017 er kr. 32.000.

25. Menningarkort

Menningarkort er árskort í Listasafn Reykjavíkur, þ.e. Kjarvalsstaði, Hafnarhús og Ásmundarsafn og Borgarsögusafn Reykjavíkur, þ.e. Árbæjarsafn, Landnámssýninguna, Ljósmyndasafn Reykjavíkur og Sjóminjasafnið í Reykjavík. Handhafar menningarkortsins fá einnig bókasafnskort í Borgarbókasafn Reykjavíkur. Kortið gildir jafnframt sem fríðindakort í safnbúðir og veitingasölur safnanna auk þess sem það veitir afslátt hjá fjölmörgum samstarfsaðilum. Kortið er fyrir starfsmann sem ráðinn er á föstum mánaðarlaunum til a.m.k. 3ja mánaða og hefur starfað a.m.k. í einn mánuð og tímakaupsmanntil a.m.k. í sex mánuði. Verðmæti Menningarkortsins árið 2017 er kr. 6.000.

26. Samgöngusamningur

Samgöngusamningar verða í boði fyrir starfsmenn frá 1. september 2017. Skilyrði samninganna en þau eru að starfsmaður ferðist að jafnaði ekki með einkabíl til og frá vinnu heldur notist við vistvænan samgöngumáta. Miðað er við að starfsmaður í 100% starfi notist við vistvænan samgöngumáta vegna ferða til og frá vinnu að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í viku eða í 60 – 80% tilvika á viku. Með vistvænum samgöngum er átt við allan ferðamáta annan en að ferðast með einkabíl eða vélknúnum farartækjum, svo sem að ganga, hjóla eða almenningssamgöngur. Samgöngusamningar skulu ávallt vera tímabundnir og er heimilt að semja til 6 eða 12 mánaða í senn. Starfsmenn í 50-100% starfshlutfalli fá fullan styrk að fjárhæð kr. 6.000 á mánuði. Starfsmenn í starfshlutfalli fram að 50% fá helming þeirrar fjárhæðar eða kr. 3.000 á mánuði. Lækki eða hækki starfshlutfall starfsmanns innan fyrrgreindra marka mun fjárhæð samgöngustyrks breytast til samræmis. Samgöngusamningar verða eingöngu í boði fyrir starfsmenn sem ráðnir eru í fast starfshlutfall. Styrkurinn er undanþeginn staðgreiðslu, sbr. 1. tl. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Auk þess eiga starfsmenn kost á því að sækja um samgöngukort hjá Strætó bs. og fá þá 12 mánaða strætókort á verði 9 mánaða korts.

27. Starfsmannaafsláttur

Í samræmi við reglur um þjónustu frístundaheimila og sértækra félagsmiðstöðva fær starfsfólk á þessum starfsstöðum Reykjavíkurborgar afslátt af fullu dvalargjaldi í frístundaheimilum og í sértækum félagsmiðstöðvum yfir vetrartímann fyrir börn sín. Ekki er veittur afsláttur af gjaldi fyrir síðdegishressingu.

28. Starfsmannaforgangur

Starfsmenn frístundamiðstöðva sem tengjast starfsemi frístundaheimila, þ.e. framkvæmdastjórar og rekstrarstjórar frístundamiðstöðva, deildarstjórar barnastarfs, forstöðumenn frístundaheimila og aðrir starfsmenn frístundaheimila (óháð starfshlutfalli) geta sótt um að fá forgang fyrir börn sín á frístundaheimili. Börn starfsmanna sem starfa inni á frístundaheimilunum sjálfum njóta forgangs fram yfir öll önnur börn á forgangslista. Börn annarra starfsmanna sem tilgreindir eru hér að framan fá forgang á eftir börnum í 1. bekk og börnum með sérstakar aðstæður.